



**Ingvar Freyr Ingvarsson**  
hagfræðingur  
Læknafélags Íslands  
[ingvar@lis.is](mailto:ingvar@lis.is)



**Steinunn Þórðardóttir**  
öldrunarlæknir  
formaður Læknafélags Íslands  
[steinunn@lis.is](mailto:steinunn@lis.is)



**Súsanna Björg Ástvaldsdóttir**  
læknir  
á Ísafirði  
[susanna.astvaldsdottir@hvest.is](mailto:susanna.astvaldsdottir@hvest.is)

## Mönnun lækna á landsbyggðinni

Eins og áður hefur komið fram í *Lækna-bláðinu* hefur Læknafélag Íslands (LÍ) gert spálíkan um mannaflapörf lækna til ársins 2040. Í þessari grein verður sjónum beint að mönnunarstöðu lækna á landsbyggðinni. Öflug heilsugæsla í nærumhverfi er sjálfsgættur réttur allra íbúa landsins og mikilvægur liður í byggðapróun.

Í stjórnsluúttekt Ríkisendurskoðunar, *Heilsugæsla á landsbyggðinni*<sup>1</sup> frá árinu 2018 kom meðal annars fram að grípa verði til markvissra aðgerða til að bregðast við læknaskorti á landsbyggðinni og áhersla lögð á mikilvægi þess að sett verði fram heildstæð heilbrigðisstefna samhliða því.

Samkvæmt upplýsingum frá forstjór- um heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni um fjölda stöðugilda, heimilislækna, annarra lækna og fjölda verktaka árið 2021,<sup>2</sup> eru einungis 55% stöðugilda lækna (59,45 fastráðnir af 106,3 stöðugildum) á landsbyggðinni mönnuð af fastráðnum heimilislæknum og öðrum læknum en verktakar manna 26% stöðugilda (27,4 stöðugilda af 106,3 stöðugildum). Það kemur einnig fram að það vanti lækna í um 19% stöðugilda (20,45 stöðugildi af 106,3 stöðugildum).

Á næstu 5 árum fara um 20 af 64 fastráðnum læknum á eftirlaun, eða um 24%, en ef lítið er til næstu 10 ára verða um 32 fastráðnir læknar komnir á eftirlaun, eða um 33%. Ljóst er að ekkert er gert mun staðan á landsbyggðinni versna þar sem endurnýjunin er ekki nægjanleg. Tölurnar varpa ljósi á hve illa

heilbrigðisstofnunum gengur að ráða til sín lækna með fasta búsetu á staðnum þar sem heilbrigðisstofnanir þurfa í síauknum mæli að ráða til sín lækna í verktöku.

Læknishéruð þar sem einn læknir sinnir dagvinnu eru 14 talsins. Þau eru:

- Blönduós
- Búðardalur
- Djúpvogur
- Grundarfjörður
- Hólmavík
- Kópasker/Raufarhöfn/Þórshöfn
- Neskaupsstaður, heilsugæsla
- Ólafsvík
- Patreksfjörður
- Seyðisfjörður
- Stykkishólmur
- Vík í Mýrdal
- Vopnafjörður
- Þorlákshöfn

Í þessum læknishéruðum eru um 9 verktakar og 5 fastráðnir. Ef fram fer sem horfir á næstu 5 árum verða þrír fastráðnir læknar eftir í þessum héruðum. Heilbrigðisþjónustan þarna byggir því í

auknum mæli á tímabundinni verktöku og má lítið út af bera.

Nú hafa landamærin verið opnuð á ný og ferðaþjónustan hefur tekið við sér. Nýjustu spár gera ráð fyrir að fjöldi ferðamanna á Íslandi í ár verði á bilinu 1,4-1,5 milljónir. Stór hluti ferðamanna ferðast út fyrir höfuðborgarsvæðið og um leið fjölgar þeim sem leita sér heilbrigðisþjónustu á landinu öllu. Það tekur meiri tíma að sinna erlendum ferðamönnum þar sem þeir eru oftast en ekki með sértækari þarfir en heimamenn, sem eykur um leið álagið á heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Fjármögnun heilsugæslu á landsbyggðinni hefur ekki aukist í takt við þessa vaxandi þjónustupörf og flækjustig.

LÍ kallar eftir framtíðarsýn varðandi mönnun læknisþjónustu á landsbyggðinni, en rík ástæða er til að hafa áhyggjur af þróuninni næstu árin. Heilbrigðis- yfirlöng verða að tryggja að læknisstörf á landsbyggðinni séu samkeppnishæf, vinnuskilyrði verða að vera góð og laun í takt við álag, bindingu og ábyrgð.

Gæta þarf þess að hvatar séu til staðar svo læknar kjósi að starfa á landsbyggðinni. Heilbrigðiskerfið verður að geta staðið undir og sinnt hlutverki í nærumhverfi sínu, enda er góð og örugg heilbrigðisþjónusta ein af lykilforsendum búsetu í dreifðari byggðum landsins sem og í þéttbýli.

### Heimildir

1. Heilsugæsla á landsbyggðinni. Skýrsla til Alþingis. Ríkisendurskoðun April 2018. [Heilsugæsla\\_a\\_landsbyggdinni.pdf](#) - maí 2022.
2. Fulltrúar LÍ í vinnuhópi um bókun 7 skv. kjarasamningi LÍ og fjármála- og efnahagsráð herra sem undirritaður var 7. desember 2020.

